


Matvælastofnun starfar skv. ákvæðum laga nr. 30/2018 og reglugerðar um stofnunina. Eftirfarandi texti og skipurit stofnunarinnar er birt á heimasíðu MAST.



Skipurit stofnunarinnar varpar ljósi á mikilvægi einnar heilsu og byggir á lögum um Matvælastofnun nr. 30/2018 og reglugerð um Matvælastofnun.

Kjarnahlutverk og framtíðarsýn

Við stöndum vörð um heilsu manna, dýra og plantna og aukum þannig velferð og verðmætasköpun í þágu þjóðarinnar.

Meginmarkmið

- Skýr ábyrgð
- Markviss fræðsla
- Hnitmiðað eftirlit
- Öflugur mannauður

Gildi

- Fagmennska: Við vinnum sem ein liðsheild, nýtum bestu þekkingu starfsmanna og störfum með faglegum og samræmdum hætti.
- Gagnsæi: Við stundum opna stjórnsýslu, virka upplýsingagjöf og veitum almenningi og viðskiptavinum aðgang að gögnum með rétt þeirra að leiðarljósi.
- Traust: Við sýnum viðskiptavinum og samstarfsfólki virðingu, gætum hlutleysis í störfum og rökstyðjum ákvarðanir okkar

Verkefni

Matvælastofnun er stjórnsýslu og eftirlitsstofnun sem heyrir undir matvælaráðuneytið og sinnir eftirliti með málaflokkum sem heyrir undir stofnunina, veitir ráðuneytinu ráðleggingar og tekur þátt í þróun reglugerða og laga varðandi þá málaflokka sem heyra undir stofnunina.

Lög og reglugerðir sem heyra undir Matvælastofnun eru m.a. löggjöf í öllu framleiðsluferli matvæla, þ.e. frá heilbrigði og velferð dýra, þ.m.t. sjávarafurða, plöntuheilbrigði, fóðri, vinnslu og dreifingu og þar til matur er borinn á borð neytenda. Stofnunin fer með eftirlit með frumframleiðslu búfjárafurða, sláturhúsum, kjötvinnslum, mjólkurbúum og eggjaframleiðslu, eftirlit með sjávarafurðum og allt inn- og útflutningseftirlit með matvælum, öðrum afurðum á verksviði stofnunarinnar ásamt einnig lifandi dýrum. MAST fer einnig með yfirumsjón með matvælaeftirliti á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlit með störfum dýralækna sem veita almenna dýralæknaþjónustu og öðrum sem sinna heilbrigðisþjónustu við dýr. Einnig fer stofnunin með fóðureftirlit og önnur verkefni. Dæmi um helstu verkefni MAST eru:

- Matvælalöggjöf og matvælaeftirlit
- Neytendavernd og fræðslumál
- Heilbrigði og velferð dýra
- Plöntuheilbrigði og sáðvara
- Fóður og áburður
- Sóttvarnir og viðbragðsáætlanir
- Kjötmat og fiskeldi
- Inn- og útflutningseftirlit, rekstur landamærastöðva
- Yfirumsjón og eftirlit: Heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisþjónusta við dýr
- Stjórnsýsluverkefni: Lögfræði, alþjóðamál, samræming og úttektir

Stjórnskipulag og störf

Forstjóri

Ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar.

Yfirstjórn

Í yfirstjórn (YS) sitja allir sviðsstjórar stofnunarinnar ásamt forstjóra og yfirdýralækni. Mannauðsstjóri er starfsmaður YS til ráðleggingar varðandi mannauðsmál ásamt því að skrifa fundargerð. YS ber ábyrgð á heildar samræmingu og samhæfingu stofnunarinnar, tryggir upplýsingaflæði milli sviðsstjóra, fjallar og tekur ákvarðanir um yfirgripsmikil mál og stefnumál stofnunarinnar, mannauðsmál og rekstur.

Yfirdýralæknir

Ber faglega ábyrgð á málaflokkum er varða heilbrigði og velferð dýra, súnur, lyfjaónæmi og málefni dýralækna og dýrahjúkunarfræðinga.

Starfseining forstjóra

Ber ábyrgð á fréttatilkynningum, ritstjórn á vef MAST, samskiptum við fjölmiðla, innlendar og erlendar stofnanir auk hagaðila. Ber ábyrgð á mannauðs- og gæðamálum stofnunarinnar og gætir þess að jafnlaunakerfi sé virkt og starfrækt í samræmi við skráð verklag og vottun.

Samhæfing

Ber ábyrgð á málaflokkum MAST er varða matvælaöryggi, heilbrigði og velferð dýra, auk plöntuheilbrigðis. Ber ábyrgð á fræðslu og leiðbeiningum innan sem utan MAST, eftirlits- og sýnatökuáætlunum ásamt úrvinnslu niðurstaðna rannsókna og eftirlits. Ber ábyrgð á viðbrögðum við sjúkdómum, rannsóknaniðurstöðum o.þ.h. Ber ábyrgð á framkvæmd sértæks eftirlits, útgáfa vottorða og leyfa, eftirfylgni, þvingunum og stjórnvaldssektum sértæks eftirlits (t.d. fiskeldi, áburður, inn- og útflutningur (þó ekki hrossa) og fóðurverksmiðjur).

Vettvangseftirlit

Ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd eftirlits, leyfisútgáfu, eftirfylgni með frávikum, þvingunum og stjórnvaldssektum vegna alvarlegra frávika (þó ekki eftirlit sem fellur undir Samhæfingu). Ber einnig ábyrgð á aðgerðum vegna nýrra og/eða alvarlegra smitsjúkdóma í dýrum samkvæmt viðbragðsáætlun sem og öðrum sjúkdómavörnum og sýnatökum samkvæmt viðbragðsáætlun.

Stjórnsýsla

Ber faglega ábyrgð á stjórnsýslu MAST og leiðbeinir um löggjöf, ber einnig ábyrgð á samskiptum við innlendar sem erlendar stofnanir sem varða löggjöf.

Upplýsingatækni og rekstur

Ber faglega ábyrgð á rekstri MAST, upplýsingatækni, stafrænni þróun og þjónustu við starfsmenn. Auk þess ber sviðið ábyrgð á eftirfylgni rekstraráætlana og innra eftirliti er varðar fjármál og rekstur.

Þá rekur stofnunin fjórar umdæmisstofur sem heyra undir svið vettvangseftirlits og fiskeldisdeild ásamt inn- og útflutningsdeild undir sviði samhæfingar. Sjá nánari ábyrgðarskiptingu í LBE-076. Afla má frekari upplýsinga eða koma með fyrirspurnir á netfangið mast@mast.is.

Starfsfólk MAST hefur þekkingu og reynslu á ýmsum sérsviðum. Við umdæmisstofur starfa héraðsdýralæknar, eftirlitsdýralæknar, dýraeftirlitsmenn og eftirlitsmenn matvæla. Á sviði samhæfingar starfa dýralæknar, matvælafræðingar, lyfjafræðingar. líffræðingar og aðrir sérfræðingar sem sérgreinadýralæknar og fagsviðsstjórar að verkefnum sem tengjast skipulagningu og rýni á eftirliti á matvælaöryggis, neytendaverndar, áburðar, fódurs, dýraheilsu, dýravelferð og plöntuheilsu. Á sviði Stjórnsýslu starfa lögfræðingar stofnunarinnar og styðja við að stjórnsýsla stofnunarinnar sé með ábyrgum hætti. Á sviði upplýsingatækni og reksturs starfa sérfræðingar í stafrænni þróun og uppbyggingu á gagnagrunnum ásamt sérfræðingum í rekstri og skjalastjórnun.

Á komandi árum má gera ráð fyrir að stofnunin hafi aukna þörf fyrir sérmenntað starfsfólk á framangreindum sviðum því verkefnum MAST fjölgar í takt við auknar kröfur sem gerðar eru á sviði dýra- og plöntuheilbrigðis og sívaxandi áherslu sem lögð er á dýraheilsu, matvælaöryggi og neytendavernd.

Frá heilbrigði til hollustu

Vígorð Matvælastofnunar er “Frá heilbrigði til hollustu”. Vísar það til þess að stofnunin fer með löggjöf og eftirlit sem varðar heilbrigði plantna, heilbrigði og velferð dýra og síðan matvælaöryggi, ýmist með eigin starfsemi eða með eftirliti með heilbrigðisþjónustu við dýr eða samstarfi og samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Heilbrigðiseftirlitið fer með viðtækt eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla undir yfirumsjón MAST. Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru níu og um allt land.